


Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Signý Sæmundsdóttir
söngkona
og
Póra Fríða Sæmundsdóttir
píanóleikari



5. september 1989
kl. 20:30

Signý Sæmundsdóttir stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík og fór eftir það utan og lauk einsöngvaraprófi frá Tónlistarháskólanum í Vínarborg árið 1988. Hún hefur meðal annars tekið þátt í óperuflutningi bæði hérlendis og erlendis. Síðastliðinn vetur fór hún með hlutverk í Ævintýri Hoffmanns á sviði Þjóðleikhússins og í maí síðastliðnum tók hún þátt í flutningi óperunnar Vikivaka, sem tekinn var upp í Kaupmannahöfn á vegum norrænu sjónvarpsstöðvanna.

Þóra Fríða Sæmundsdóttir lauk námi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1978 og stundaði síðan framhaldsnám í Freiburg og Stuttgart. Frá árinu 1984 hefur hún starfað sem píanóleikari og kennari í Reykjavík og tekið þátt í ýmiss konar tónlistarflutningi. Þóra Fríða er félagi í Íslensku hljómsveitinni.

Efnisskrá

- | | |
|--------------------------|---|
| W. A. Mozart | Konsertaría K. 505
„Chi' o mi scordi di te? “ |
| Franz Schubert | Ellen's Erster Gesang
„Raste Krieger“
Ellen's Zweiter Gesang
„Jäger ruhe von der Jagd“
<i>textar eftir Walter Scott,</i>
<i>úr „Das Fräulein vom See“</i>
Der Zwerg
<i>M.v. Collin</i> |
| Atli Heimir
Sveinsson | Nokkur nútímaljóð:
Bráðum kemur betri tíð
<i>H.K. Laxness</i>
Ljóð
<i>Nína Björk Árnadóttir</i>
Desember
<i>Jón úr Vör</i>
Krotað í sand
<i>Sigurður A. Magnússon</i> |
| Richard Strauss | Winterweihe
<i>Karl Henckell</i>
Wiegenlied
<i>Richard Dehmel</i>
Caecilia
<i>Heinrich Hart</i> |

Ellen's Erster und Zweiter Gesang
Fyrstu tveir söngvar Ellenar

Þessi ljóð eru úr ljóðaflokknum "Das Fräulein vom See" (1825) eftir Walter Scott. Ljóðin eru lögð í munn Ellenar, sem var, eins og Mignon og Grätchen, yrkisefni margra ljóðskálda þess tíma.

Konungurinn Jakob V greifi á í útistöðum við Skoska aðalinn. Douglas greifi og dóttir hans Ellen halda til á eyju. Konungurinn villist eitt sinn á veiðum og lendir hjá greifanum þar sem Ellen tekur á móti honum. Konungurinn og Ellen segja hvorug til nafns síns og þegar konungurinn gengur til hvílu syngur Ellen honum sæta söngva.

lauslega endursagt

Der Zverg
Dvergurinn

Í rökkurskini hverfa fjöllin sjónum,
og skipið líður áfram á sléttum haffletinum,
um borð er drottningin og dvergurinn hennar.

Hún lítur upp mót hvelfdum himinboga,
upp í ljósblátt viðernið
sem sveipast mjólkurhvítri slikju.

"Enn hafið þið aldrei blekkt mig, þið stjórnur,"
kallar hún, "nú á ég skammt eftir ólifað.
Þið boðið mér feigð, en ég dey með glöðu geði."

Þá gengur dvergurinn að drottningunni til að binda
um háls hennar rauða silkibandið
og grætur líkt og sorgin slái hann blindu.

Hann mælir: "Þessi ógæfa er þér sjálfri að kenna
fyrst þú tókst konunginn fram yfir mig.
Nú er mér dauði þinn aðeins fagnaðarefni.

Samt mun ég eilíflega hata sjálfan mig
fyrir að hafa orðið þér að bana með eigin hendi
en nú hlýtur þú að blikna fyrir aldur fram."

Hún leggur hönd að hjarta sínu, fullu af lífi
og þung tár hrynja af augum hennar,
sem hún beinir biðjandi til himins.

"Megi dauði minn ekki valda þér neinum harmi!"
segir hún. Þá kyssir dvergurinn föla kinn hennar,
og í sama bili gefur hún upp öndina.

Dvergurinn horfir á konuna, sem er í greipum dauðans,
hann sökkvir henni í hafdjúpið með eigin höndum.
Hjarta hans brennur af þrá til hennar.
Aldrei framar mun hann leita lands.

þýð. Þorsteinn Gylfason

Winterweihe

Tímahjólíð snýst stöðugt og við fáum ekki stöðvað
það. Á dimmum dögum er það hlýjan og ástin sem við
berum hvert til annars, sem lýsir upp hjörtu okkar.

lauslega endursagt

Wiegenlied
Vögguljóð

Dreymi þig, dreymi þig, elsku lífið mitt,
um himininn, sem kemur með blómin;
þar glitra blómstur og þarast
fyrir ljóðinu, sem móðir þín syngur.

Dreymi þig, dreymi þig, blómknappur bliðu minnar,
um daginn þann, er blómin sprungu út,
um þann bjarta blómamorgun,
þegar sálin þín litla kom í heiminn.

Dreymi þig, dreymi þig, ástarblómið mitt,
um nóttina kyrru, heilögu,
þegar ástarblóm hans gerðu þennan heim
að himnaríki mínu.

þýð. Anna María Þórisdóttir.